



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. apríl 2011

Efni: Umsögn frá Matís ohf. um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skráargat, 508. mál.

Matís ohf. mælir með því að norræna hollustumerkið Skráargat verði tekið upp á Íslandi. Merkið auðveldar neytendum val á hollum matvörum. Mikilvægt er að neytendur þekki merkið frá upphafi og þær reglur sem um það gilda. Nauðsynlegt er að upptöku merkisins fylgi fjármunir fyrir nauðsynlega fræðslu. Matís lýsir sig reiðubúið til að vinna með öðrum aðilum, svo sem Lýðheilsustöð / Landlæknisembættinu og Matvælastofnun að fræðslumálum í tengslum við upptöku Skráargatsins.

Matís ohf. gerir eftirfarandi athugasemdir: Nauðsynlegt er að kanna árangur af notkun Skrárgatsins í þeim löndum sem hafa tekið merkið upp og byggja ákvarðanir um upptöku þess á Íslandi á athugininni. Sérstaklega mikilvægt er að merkið á ekki við um val á fæðutegundum fyrir ungbörn undir þriggja ára aldri. Þetta undirstrikar mikilvægi fræðslu svo foreldrar velji ekki matvörur fyrir ungbörn út frá hollustumerkinu Skráargatinu. Nokkur hættu er á að matvörur sem verða merktar með Skráargatinu hækki í verði og þjóni þannig ekki þeim hópi sem minnstar tekjur hefur. Reglur um Skráargatið eru strangar og því mun takmarkaður fjöldi matvara fá merkinguna. Það mun ekki nægja neytendum að velja eingöngu matvörur merktar með Skráargatinu.

Skráargatið hefur verið í notkun um árabíl og því mundi Ísland ganga að þeim reglum sem í gildi eru og taka þátt í þróun þeirra í framtíðinni. Dæmi um íslenskar aðstæður sem líta þarf á er að í reglunum er byggð ekki talið upp meðal korntegunda en eðlilegt er að því væri bætt inn á listann við endurskoðun.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín Daniélsdóttir, sviðsstjóri